

8
21. marz

AUGLÝSING

um

verzlunar- og siglingasamning milli Íslands og Lithaugalands.

Þann 21. júní 1930 var undirritaður verzlunar- og siglingasamningur milli Íslands og Lithaugalands. Samningurinn var gerður á frönsku, en birtist hérmeð í íslenskri þýðingu.

Verzlunar- og siglingasamningur milli Íslands og lýðveldisins Lithaugalands.

Með því að hans hátign konungi Íslands og Danmerkur og hans tign forseta lýðveldisins Lithaugalands leikur hugur á að bæta og efla hin þjóðhagslegu viðskipti Íslands og Lithaugalands hafa þeir ákvarðað að gera verzlunar- og siglingasamning milli þessara ríkja, og hafa, hver um sig útnefnt sem fulltrúa sína:

Hans hátign konungur Íslands og Danmerkur:

Herra aðalræðismann Erik Andreas Mathias Biering, stjórnarumboðsmann sinn í Kóvnó;

Hans tign forseti lýðveldisins Lithaugalands:

Herra doktor Dovas Zaunjus, utanríkismálaráðherra lýðveldisins Lithaugalands;

sem, eftir að hafa tjáð hvor öðrum umboð sín, er reyndust góð og gild, hafa orðið ásáttir um eftirfarandi greinar:

1. grein.

Ísland og Lithaugaland skuldbinda sig til að veita hvort öðru í öllu því, er lýtur að verzlun þeirra, iðnaði og siglingum, jafngóð kjör og þau, sem veitt eru, eða veitt kunna að verða þeirri þjóð, er beztu kjörum sætir.

2. grein.

Að því er lýtur að verzlun skal ákvæðið um beztu kjör sérstaklega ná til aðflutnings- og útflutningsgjalda, svo og til sérhverra annara gjalda, og annara skilyrða, sem sett eru fyrir innflutningi og útflutningi, flutningi á vörum yfir og um löndin, og um bönn eða tálmanir á innflutningi og útflutningi, nema því aðeins að slíkar ráðstafanir séu álitnar nauðsynlegar til þess að tryggja öryggi ríkisins eða almennings, eða til þess að vernda heilbrigði manna, dýra og jurta.

3. grein.

8

Að því er snertir siglingar skal beztu kjara ákvæðið sérstaklega ná til 21. marz hverskonar gjalda, svo og til aðgangsins fyrir skip til að ferma og afferma vörur, ennfremur til allra fyrirmæla viðvikjandi skipum og áhöfn þeirra.

4. grein.

Þjóðerni skipa ber gagnkvæmt að viðurkenna samkvæmt skjölum og skilríkjum er skipið hefir meðferðis, sem hafa verið gerð handa skipinu af hlutaðeigandi yfirvöldum í hvoru landinu um sig samkvæmt gildandi laga-fyrirælum, og jafnframt heimila skipinu að bera fána þess landsins er hlut á að máli.

5. grein.

Ríkisborgarar, svo og félög með hagsmunalegu markmiði, hvers samningsríkjanna um sig, skulu njóta eins góðra kjara og ríkisborgarar og félög þess ríkis er beztu kjara nýtur, að því er snertir aðgang að hinu landinu, réttinn til þess að eignast þar og ráða yfir fasteignum og lausafé, og til þess að reka þar iðnað svo og með tilliti til hverskonar skatta- og gjalda áлага.

6. grein.

Ísland getur ekki með skirskotun til ákvæða þessa samnings, krafizt hlunninda þeirra, sem Lithaugaland hefir veitt eða kann að veita Eistlandi eða Lettlandi.

7. grein.

Samninginn ber að fullgilda, og fullgildingarskjölin skulu afhent í Kóvno eins fljótt og auðið er.

Hann gengur í gildi á fimmtánda degi eftir afhendingu fullgildingarskjalanna, og heldur áfram að gilda í eitt ár eftir að honum kann að hafa verið sagt upp af öðrum hvorum samningsaðilanum.

Þessu til staðfestu hafa hlutaðeigandi fulltrúar, með þartil gildu umboði, undirritað samning þennan, og sett við hann innsigli sín.

Gert í tveimur eintökum í Kóvno 21. júní 1930.

Biering.

Zaunius.

Lokabókun.

Undirritaðir er hafa hitzt í dag til þess að undirrita hjálagðan verzlunar- og siglingasamning hafa orðið ásáttir um það sem hér fer á eftir.

Með tilliti til viðskipta Íslands og Danmerkur samkvæmt sambandslögnum frá 30. nóvember 1918, er gengið út frá því, að Lithaugaland getur

8 ekki, með skírskotun til ákvæða fyrrnefnds sammings, krafizt þeirra sérstöku
21. marz hlunninda, sem Ísland hefir veitt, eða kann síðar meir að veita Danmörku.

Þessu til staðfestu hafa hlutaðeigandi fulltrúar, með þartil gildu umboði, undirritað lokabókun þessa.

Gert í tveimur eintökum í Kóvno 21. júní 1930.

Biering. *Zaunius.*

Með því að fullgildingarskjöl sammingsins voru afhent 19. marz 1931 gengur hann í gildi 3. apríl 1931.

Þetta er hérmeð gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðherrann, 21. marz 1931.

Tryggvi Þórhallsson.